



DAGSKRÁ 5. ÞINGS KLÍ

Föstudaginn 24. apríl og laugardaginn 25. apríl 1998
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Föstudaginn kl. 20:00

- 1 Þingsetning.
 - 2 Kosnir fastir starfsmenn þingsins
 - 3 Kosnar fastanefndir:
 - a) Kjörbréfanefnd.
 - b) Fjárhagsnefnd.
 - c) Laga- og leikreglanefnd.
 - d) Allsherjarnefnd.
 - e) Kjörnefnd.
- Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.
- 4 Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
 - 5 Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
 - 6 Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
 - 7 Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
 - 8 Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

ÞINGHLÉ

Laugardaginn kl. 13:00

- 9 Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
 - 10 Önnur mál.
 - 11 Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á íþróttapeing ÍSÍ.
 - 12 Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
 - 13 Kosnir þrír menn í dómstól og þrír til vara.
 - 14 Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.
 - 15 Þingslit.
-

SKÝRSLA STJÓRNAR KEILUSAMBANDS ÍSLANDS – KLÍ

Frá 1. maí 1997 – 23. apríl 1998

5. ársþing KLÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
föstudaginn 24. apríl og laugardaginn 25. apríl 1998

STJÓRN KEILUSAMBANDS ÍSLANDS

<i>Formaður</i>	Haraldur Sigursteinsson
<i>Varaformaður</i>	Þórir Ingvarsson
<i>Gjaldkeri</i>	Valgeir Guðbjartsson
<i>Ritari</i>	Gylfi Ástbjartsson
<i>Fundaritari</i>	Hafsteinn Sigurvinsson
<i>Varamenn:</i>	Jóna Alexandersdóttir Bragi Már Bragason Sigurvin Ægir Sigurvinsson

DÓMSTÓLL

<i>Aðalmenn:</i>	Guðjón Ólafsson Friðrik Ólafsson Jónas Gunnarsson
<i>Varamenn:</i>	Helga Sigurðardóttir Ingimundur Helgason Þórður Tyrfingsson

SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Guðni Gústafsson
Hjalti Ástbjartsson

NEFNDIR OG STARFSHÓPAR

Aganefnd	Þórir Ingvarsson <i>form.</i> Björn S. Baldursson Guðný Gunnarsdóttir Gylfi Ástbjartsson	Tækninefnd	Jón Sv. Erlingsson Bjarni Sveinbjörnsson Sigurður Björn Reynisson
Laga- og leikreglanefnd	Þórir Ingvarsson <i>form.</i> Gunnar Gunnarsson Sigurjón Guðfinnsson	Unglinganefnd	Erla Ívarsdóttir <i>form.</i> Bjarni Sigurðsson Magnús Reynisson
Mótanefnd	Sigríður Klemensdóttir <i>form.</i> Davíð Löve Ingi G. Sveinsson Jón Ásgeir Ríkharðsson Sigurvin Hreinsson Sirrý Hrönn Haraldsdóttir	Upplýsinganefnd	Bragi Már Bragason <i>form.</i> Emil Hilmarsson
		Netstjóri	Þórhallur Hálfðánarson
		Kerfisstjóri	Ásgeir Þór Þórðarson
		Landsliðsþjálfari	Theódóra Ólafsdóttir

INNGANGUR

Nú þegar þrettán ár eru frá því fyrsti keilusalurinn var opnaður og sex ár eru frá stofnun Keilusambandsins, þá eru níu ár síðan brautum fjölgaði síðast hér á landi. Það er ljóst að takmarkaður fjöldi keilubrauta hefur áhrif á fjölgun virkra keilara en það á einnig rætur að rekja til þess að meginþorri keppniskeilara hefur valið sér sama heimavöllinn. Þessi staða verður þess valdandi að erfitt getur orðið að koma deildarkeppninni fyrir á „hefðbundnum“ keppisdögum. Það hefur þó rofað til hvað varðar aðstæður, endurnýjun hefur átt sér stað í keilusölunum í Reykjavík og enn frekari endurbætur munu vera á döfinni. Einnig hefur heyrst af aðilum sem vilja koma upp nýjum keilusal í Reykjavík en

Einhverjum finnst eflaust líka að við hefðum getað gert meira á flestum sviðum og við þá sem halda að þeir hafi misst af tækifærinu, til að starfa fyrir keiluna, í nefndum eða á annan hátt, þá vil ég hugga þá með því að öll þessi tækifæri koma aftur.

Við horfum fram á mörg skemmtileg verkefni, Evrópubikarmót í vor, Norðurlandamót fullorðinna í febrúar á næsta ári og Norðurlandamót unglunga hér á landi í mars. Síðan kemur Heimsmeistaramótið í Sameinuðu Arabísku furstadæmunum næsta sumar. En þetta er aðeins toppurinn á ísjakanum.

Það sem við þurfum geta gert er að sinna meira kynningar og útbreyðslustarfi. Við þurfum að ná til fleiri keilara, við þurfum að efla unglunga- og nýliðastarf í félögunum. Það er óhemju fjöldi áhugasamra keilara sem iðka keilu reglulega en við náum ekki til. Við þyrftum að getað gefið okkur meiri tíma til að sinna þessum hóp, með samstöðu og samvinnu þá getum við náð árangri í uppbyggingu keilunnar ef sem flestir eru tilbúnir að leggja fram örliða vinnu.

Fréttaritara í fyrstu deild

Nú þegar við höldum Norðurlandamót unglunga hér á næsta ári fáum við kjörið tækifæri til að vekja athygli á keilunni og það verðum við að notfæra okkur því fækkun virkra keilara er því miður staðreynd.

Við erum að reyna að innleiða nýtt blóð í þjálfuninni og horfum nú fram á möguleika á að ÍSÍ styrki okkur sérstaklega til að halda þjálfaranámskeið sem ætti að gefa félögunum möguleika á að byggja upp sitt starf.

Á þessari stundu vil ég þakka öllum þeim sem hafa gefið sína vinnu fyrir Keilusambandið án vinnu sjálfboðaliða við mótshald og nefndarstörf gætum við ekkert gert. Það hefur verið ótrúlega auðvelt hjá sumum sérsamböndum að safna milljóna skuldum en þannig viljum við ekki vinna, ég þakka því aftur fyrir sjálfboðavinnuna og einnig vil ég þakka hópnum sem undirbjó þessa kvöldstund fyrir okkur.

KEILA Á KEPPNISTÍMABILINU 1997–1998

Á þessu keppnistímabili var keila iðkuð hjá ellefu félögum frá fjórum héraðssamböndum. Samkvæmt þessum tölum er heldur að fjölga skráðum keilurum og auk þess er talið að í þessar tölur vanti iðkendur frá Fylki og Keflavík.

Tafla 1, Keilufélög og deildir, fjöldi skv. kennsluskýrslum 1996

Félag	Sveitarfél.	Stofnað	Fjöldi iðkenda			Konur		Karlar	
			1994	1995	1996	< 16 ára	> 16 ára	< 16 ára	> 16 ára
Samtals			522	566	651	25	120	89	417
KFR	ÍBR	10. sept. 1985	184	206	197	7	49	26	115
KR	ÍBR	27. júní 1990	37	54	57	–	7	3	47
ÍR	ÍBR	1994	61	99	129	–	18	26	85
Fylkir	ÍBR	1994	8		7	–	–	–	7
ÍFH	ÍBR	1994	21	19	–	–	–	–	–
Ösp	ÍBR				12	1	5	2	4
KSÁÁ	ÍBR	1997							
HK	UMSK	1994	7	7	13	–	–	–	13
KGB	UMSK	25. maí 1989	56	38	35	–	–	–	35
Keflavík	ÍRB	1995	19	18	50	12	8	8	22
KFS	ÍRB	31. júlí 1989	129	125	151	5	33	24	89
KFA	ÍA	1997							

KEILUSALIRNIR

Mótshald á vegum Keilusambands Íslands fór fram í þrem keilusölum í vetur:

- Keiluhöllinni í Öskjuhlíð, 18 brautir.
- Keila í Mjódd, 10 brautir.
- Keilubæ í Keflavík, 6 brautir.

Í keilusölunum í Öskjuhlíð og Mjódd er tölvuskor og virðist það hafa töluverð áhrif á aðsókn.

VIÐURKENNINGAR Á TÍMABILINU

Keilari ársins 1997 var valinn Jón Helgi Bragason ÍR. Jón Helgi hefur staðið sig mjög vel á árinu. Hann var með 195 stig að meðaltali eftir 260 leiki á árinu. Jón Helgi var Íslandsmeistari einstaklinga árið 1997 og var valinn keilari keppnistímabilsins af leikmönnum í deildarkeppninni keppnistímabilið 1996–1997. Jón Helgi náði þeim frábæra árangri að verða 8. maður á einstaklingslista í Evrópumóti landsliða sumarið 1997 og þar náði hann einnig fjórða sæti í tvímenni.

Í lok keppnistímabilsins völdu deildarspilarar leikmenn tímabilsins; Elín Óskarsdóttir KFR var valin í kvennaflokki og Ásgeir Þór Þórðarson ÍR í karlaflokki. Í fyrsta sinn voru valdir vinsælustu keilarar keppnistímabilsins af deildarspilurum. Í kvennaflokknum voru tvær jafnar og efstar, Ágústa Þorsteinsdóttir KFR og Theódóra Ólafsdóttir KFR. Í karlaflokki var valinn Snæbjörn Jörgensen KFR.

REGLULEGT MÓTSHALD KLÍ

Á þessu keppnistímabili sem nú er að ljúka kepptu XXX keilarar í deildarkeppninni í samtals 58 liðum. Við höldum Íslandsmót einstaklinga með 73 þátttakendum.

Á vegum Keilusambandsins var keppt í eftirtöldum mótum:

- Íslandsmót í tvímenningi í maí
- Íslandsmót í tvímenningi deildarliða í ágúst
- Meistarakeppni KLÍ í september
- Íslandsmót 4ra manna liða í október – apríl
- Íslandsmót para í janúar
- Íslandsmót einstaklinga í febrúar
- Bikarkeppni liða í október – apríl
- Stórmót KLÍ í október – janúar
- Meistarakeppni ungmenna í október – mars
- Íslandsmót unglunga í mars
- Ekki var keppt í Íslandsmóti unglungið vegna ónógrar þátttöku.

Íslandsmót einstaklinga var frekar seint á dagskránni á þessu ári og hefur verið rætt um að færa það til mánaðarmótanna janúar–febrúar. Þetta mun koma betur út varðandi deildarkeppnina.

Tafla 2, deildarlið á keppnistímabilinu 1997 – 1998

Félög	1. deild kvenna	1. deild karla	2. deild karla	3. deild karla	4. deild karla	Samtals '97-'98	Samtals '96-'97	Samtals '95-'96
KFR	4	7	5	3	5	24	21	21
KGB	-	-	2	2 (3)	-	4 (5)	5	6
KR	1	1	1	-	2	5	5	5
KFS	1	-	2	1 (2)	-	4 (5)	9	7
ÍFH	1	-	-	-	-	1	1	1
HK	-	1	-	1	-	2	2	1
ÍR	2	2	-	2	2	8	7	7
Fylkir	-	-	1	-	-	1	1	1
Keflavík	1	1	1	1	1	5	4	3
KSÁÁ	-	-	-	-	1	1	-	-
KFA	-	-	-	-	1	1	-	-
Samtals	10	12	12	10 (12)	12	56 (58)	55	52

ÍSLANDSMÓT DEILDARLIÐA – Úrslit í liðakeppninni var eftirfarandi:

- 1. deild kvenna:**
1. sæti Flakkarar KFR **Íslandsmeistarar liða**
 2. sæti Afturgöngurnar KFR
 3. sæti Keilusystur KFS
 4. sæti Tryggðatröll ÍR
- Deildarmeistarar 1. deildar:** Flakkarar KFR

- 1. deild karla:**
1. sæti Keilulandssveitin ÍR **Íslandsmeistarar liða**
 2. sæti Lærlingar KFR
 3. sæti PLS ÍR
 4. sæti Úlfarnir KFR
- Deildarmeistarar 1. deildar:** Keilulandssveitin ÍR

Úr 1. deild féllu Þröstur KFR (11. sæti) og JP-Kast KFR (12. sæti).

- 2. deild karla:**
1. sæti ET KFR **Íslandsmeistarar 2. deildar**
 2. sæti Keiluvínir Fylkir
 3. sæti Keflavík b

Úr 2. deild féllu Toppssveitin KFR (11. sæti) og Strákarnir KGB (12. sæti).

3. deild karla:	1. sæti <u>ÍR a</u>	Íslandsmeistarar 3. deildar
	2. sæti Sveitin KFS	
	3. sæti Spilabráður KFR	

Úr 3. deild féllu Rennubanar KGB (9. sæti) og Keilurefir KFR (10. sæti).
(Gammarnir KGB og Sprettur KFS hættu keppni á miðju keppnistímabili.)

4. deild karla:	1. sæti <u>KFR DÍ</u>	Íslandsmeistarar 4. deildar
	2. sæti KFR Vú	
	3. sæti Keflavík d	

ÍSLANDSMÓT Í TVÍMENNINGI 1997

Þátt tóku í mótinu 00 manns. Keppt var í maímánuði.

1. sæti	Ásgeir Þór Þórðarson og H. Ragnar Halldórsson – Íslandsmeistarar í tvímenn. '97
2. sæti	XXX og XXX
3. sæti	XXX og XXX

ÍSLANDSMÓT Í TVÍMENNINGI DEILDARLIÐA

Þátt tók í mótinu 00 lið.

<i>Karlar:</i>	1. sæti	Lærlingar	<i>Konur:</i>	
	2. sæti	Keflavík a		
	3. sæti	Stormsveitin		

MEISTARAKEPPNI KLÍ

<i>Karlar:</i>	1. sæti	Lærlingar KFR	<i>Konur:</i>	1. sæti	Afturgöngurnar KFR
	2. sæti	Keilulandssveitin ÍR		2. sæti	Tryggðatröll ÍR

ÍSLANDSMÓT PARA

1. sæti	Sólveig Guðmundsdóttir KFR og Gunnar Gunnarsson KFR – Íslandsmeistarar para '98
2. sæti	Theódóra Ólafsdóttir KFR og Valgeir Guðbjartsson KFR
3. sæti	Guðný Helga Hauksdóttir KFR og Ásgeir Þór Þórðarson ÍR

BIKARKEPPNI LIÐA KLÍ

<i>Karlar:</i>	1. sæti	Keilulandssveitin ÍR	<i>Konur:</i>	1. sæti	Flakkarar KFR
	2. sæti	Lærlingar KFR		2. sæti	Afturgöngurnar KFR

STÓRMÓT KLÍ

<i>Karlar:</i>		<i>Konur:</i>	
1. sæti	Ásgeir Þór Þórðarson ÍR 48 stig	1. sæti	Elín Óskarsdóttir KFR 46 stig
2. sæti	Björn Birgisson KFR 41 stig	2. sæti	Sólveig Guðmundsd. KFR 42 stig
3. sæti	Magnús Magnússon KFR 32 stig	3. sæti	Ágústa Þorsteinsdóttir KFR 41 stig

ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA

Íslandsmóti einstaklinga í keilu lauk laugardaginn 28. febrúar 1998. Keppt var í tveim flokkum kvenna og karla. Alls tóku 73 einstaklingar þátt í mótinu sem hófst 16. febrúar 1998, 53 í karlaflokki og 20 í kvennaflokki. Íslandsmeistararnir í meistaraflokki unnu sér inn ferð til

Danmerkur og rétt til þátttöku í Evrópubikarmóti einstaklinga sem fram mun fara í Kaupmannahöfn 22.–27. september 1998. Keilusambandið greiðir bæði ferðir og gistingu vegna Evrópumótsins.

Sigurvegarar voru eftirtaldir:

Meistaraflokkur kvenna

1. sæti **Elín Óskarsdóttir KFR – Íslandsmeistari kvenna 1998**
2. sæti Jóna Gunnarsdóttir KFR
3. sæti Sólveig Guðmundsdóttir KFR

Meistaraflokkur karla

1. sæti **Ásgeir Þór Þórðarson ÍR – Íslandsmeistari karla 1998**
2. sæti Björn Birgisson KFR
3. sæti Steinþór G. Jóhannsson KEF

1. flokkur kvenna

1. sæti Ólafía Sigurbjörnsdóttir KFR – Íslandsmeistari í 1. flokk kvenna
2. sæti Alda Harðardóttir KFR
3. sæti Sirrý Hrönn Haraldsdóttir KFR

1. flokkur karla

1. sæti Þorleifur Hreiðarsson KFS – Íslandsmeistari í 1. flokk karla
2. sæti Ívar G. Jónasson KFR
3. sæti Gunnar Hersir KFR

Ekki var keppt í 2. flokki kvenna né 2. flokki karla.

Í hverjum flokki var keppt til úrslita 3 – 2 – 1 og 2 – 1, úrslitaleikurinn er tvöfaldur.

Í 6 manna úrslitum eru veitt bónusstig, 20 fyrir sigur, 5 fyrir leik yfir 200 og 10 fyrir leik yfir 250.

Fyrir úrslitakeppnina höfðu keppendur leikið í forkeppni og milliriðli.

Fyrir úrslit 3ja efstu var staðan þannig í meistaraflokki karla eftir 46 leiki

1. Ásgeir Þór Þórðarson	9739 stig m/bónus	meðaltal 207,9
2. Steinþór G. Jóhannsson	9385 stig m/bónus	meðaltal 201,4
3. Björn Birgisson	9302 stig m/bónus	meðaltal 199,8

Úrslitaleikir í meistaraflokki karla voru eftirfarandi:

Steinþór	179
Björn	191
Björn	209 + 233 = 442
Ásgeir	188 + 257 = 445

1.leikur: Í níunda ramma var Steinþór með 171 og Björn með 174. Steinþór fékk 6 pinna þannig að eftir stóð glenna og náði síðan 2, en Björn náði 17 pinnum út úr sínum ramman (9 pinnar, feykja og 7 í bónus).

Úrslit: Björn og Ásgeir léku síðan til úrslita. Keppnin var geysihörð, Björn átti 21 pinna forskot eftir fyrri leikinn og byrjaði 2. leikinn á þrem fellum. Ásgeir fékk ekki fellu fyrir en í þriðja ramma en spilaði frábærlega eftir það, fékk fellur í öllum römmum nema þeim 8. og endaði 10. ramma á þrem fellum og sigraði með 3 pinnum.

Fyrir úrslit 3ja efstu var staðan þannig í meistaraflokki kvenna eftir 46 leiki:

1. Elín Óskarsdóttir KFR	8684 stig m/bónus	meðaltal 185,5
2. Jóna Gunnarsdóttir KFR	8276 stig m/bónus	meðaltal 176,8
3. Sólveig Guðmundsdóttir KFR	8080 stig m/bónus	meðaltal 172,8

Úrslitaleikir í meistaraflokki kvenna voru eftirfarandi:

Sólveig	216
---------	-----

Jóna	225
Jóna	188 + 164 = 352
Elín	172 + 181 = 353

1.leikur: Leikurinn var vel leikinn hjá báðum, Sollu og Jónu, en Jóna tryggði sér sigur með fellu í síðasta skoti. *Úrslit:* Jóna og Elín léku síðan til úrslita. Þegar komið var að síðasta rammanum, 10. ramma í seinni leiknum, voru þær báðar komnar með 333 pinna en í 10. ramma er möguleiki á þrem skotum. Jóna lék á undan og fékk fellu í fyrsta skoti, í næsta skoti fékk hún glennu og náði tvem niður og fékk því samtals 19 pinna. Elín varð því að fá 20 pinna til þess að sigra. Hún fékk fellu í fyrsta skoti og átti góðan möguleika. Í öðru skoti náði hún niður 9 pinnum og hafði þá jafnað. Það stóð ein keila á brautinni, það getur verið auðvelt að taka niður eina keilu, en þegar Íslandsmeistaratitill og keppnisréttur á Evópumóti snýst um þessa einu keilu, þá er spennan mikil. Elín sýndi að hún er öruggur keilari, náði síðasta pinnanum og er Íslandsmeistari einstaklinga 1998. Þetta er í sjötta sinn sem hún hampar þessum titli.

Verðlaunadreifing á milli félaga varð eftirfarandi:

Keilufélag	Gull	Silfur	Brons	Samtals '98	Samtals '97
KFR – Keilufélag Reykjavíkur	2	4	3	9	9
ÍR – Keiludeild ÍR	1	-	-	1	4
KFS – Keilufélag Suðurnesja	1	-	-	1	-
KEF – Keiludeild Keflavíkur	-	-	1	1	-
HK – Keiludeild HK	-	-	-	-	2
Samtals	4	4	4	12	15

Dreifing keppenda

Keilufélag	Karlar '98	Konur '98	Samtals '98	Karlar '97	Konur '97	Samtals '97
KFR – Keilufélag Reykjavíkur	29	14	43	31	13	44
ÍR – Keiludeild ÍR	9	5	14	11	3	14
KFS – Keilufélag Suðurnesja	4	1	5	4	-	4
HK – Keiludeild HK	3	-	3	4	-	4
KR – Keiludeild KR	3	-	3	3	-	3
KGB – Keilufélag Garðabæjar	3	-	3	2	-	2
ÍFH – Íþróttafélag heyrnarlausra	-	-	-	-	1	1
KEF – Keiludeild Keflavíkur	1	-	1	-	-	-
KFA – Keilufélag Akraness	1	-	1	-	-	-
Samtals 1998	53	20	73	55	17	72

ÍSLANDSMÓT UNGLINGA

Íslandsmóti unglinga í keilu lauk með úrslitum í Keilu í Mjódd sunnudaginn 22. mars 1998.

Alls kepptu 29 unglingar í fjórum flokkum pílta og stúlkna. Skipting á milli félaga var eftirfarandi:

Þátttakendur	Drengir '98	Stúlkur '98	Hlutf.dreifing'98	Drengir '97	Stúlkur'97	Hlutf.dreifing'97
KFR 18	14	4	62%	17	6	47,9%
KFS 6	4	2	21%	10	4	29,2%
KR 1	1	-	3%	4	-	8,3%
KEF 4	2	2	14%	1	3	8,3%
ÍR 0	-	-	0%	3	-	6,3%
Samtals '98	21	8	29	35	13	48

Allir flokkarnir léku 12 leiki í forkeppni.

Í yngsta flokkunum, 4. flokki, réðust úrslit samkv. heildarskori (ekki úrslitakeppni).

Í 1.–3. flokki voru spilaðir 12 leikir í forkeppni og síðan voru úrslit þriggja efstu í hverjum flokki, úrslitaleikurinn er tvöfaldur. Mikil spenna var í úrslitaleikjunum og réðust úrslit oft ekki fyrr en í síðasta ramma. Unglingarnir sýndu frábæra leiki og hefur meðaltalið hækkað verulega á milli ára.

Þó svo að unglíngarnir séu ekki vanir slíkri pressu sem fylgir úrslitaleikjum sáust margir frábærir leikir og eru hér margir góðir keilarar á ferðinni.

Keppt var í opnum flokki unglínga strax á eftir úrslitum í Íslandsmóti unglínga.

Verðlaunadreifing á milli félaga í öllu mótinu varð eftirfarandi:

Keilufélag	Gull	Silfur	Brons	Samtals'98	Gull'97	Silfur'97	Brons'97	Samtals'97
KFR	7	4	2	13	4	6	3	13
KFS	0	2	2	4	2	2	4	8
KEF	2	2	1	5	3	2	–	5
KR	–	1	1	2	1	–	1	2
ÍR	–	–	–	–	–	–	–	–
Samtals	9	9	6	24	10	10	8	28

Úrslitaleikirnir voru eftirfarandi:

Íslandsmeistarar í flokkum eru þeir sem eru feitletraðir.

PILTAR:

			Meðaltal eftir 12 leiki	1. leikur	Tvöfaldur úrslitaleikur
1. fl.	Hjörvar Ingi Haraldsson	KFR	188,3		205 + 192 = 397
	Ásgeir Örn Loftsson	KR	173,2	162	164 + 159 = 323
	Steinþór G. Jóhannsson	KEF	174,8	153	
2. fl.	Guðjón Júlíusson	KFR	169,8		208 + 201 = 409
	Magnús Magnússon	KFR	153,7	171	135 + 162 = 297
	Björgvin Harðarson	KFR	159,1	167	
3. fl.	Andri Þór Halldórsson	KFR	164,2		180 + 170 = 350
	Eiríkur A. Björgvinsson	KFS	145,8	154	161 + 144 = 305
	Atli Þór Annelsson	KFS	155,5	106	
4. fl.	Árni Þór Finnsson	KFR	133,5		
	Hafþór Harðarson	KFR	109,3	Engin úrslit spiluð í 4. flokki	

STÚLKUR

			Meðaltal eftir 12 leiki	1. leikur	Tvöfaldur úrslitaleikur
1. fl.	Súsanna Kr. Knútsdóttir	KFR	117,0		159 + 128 = 287
	Jóna Kr. Þórisdóttir	KFR	157,6		133 + 153 = 286
2. fl.	Dagný Edda Þórisdóttir	KFR	153,3,		186 + 213 = 399
	Karen Rúnarsdóttir	KEF	141,5		149 + 181 = 330
3. fl.	Erla Lind Gunnarsdóttir	KEF	136,8		144 + 160 = 304
	Sigurborg Haraldsdóttir	KFS	135,6	159	117 + 152 = 269
	Íris Dröfn Bjarnadóttir	KFS	136,8	146	

OPINN FLOKKUR – PILTAR

ÍSLANDSMEISTARI UNGLINGA Í OPNUM FLOKKI			Meðaltal eftir 12 leiki	1. leikur	Tvöfaldur úrslitaleikur
Hjörvar Ingi Haraldsson	KFR		188,3		187 + 182 = 369
Steinþór G. Jóhannsson	KEF		174,8	181	147 + 156 = 303
Ásgeir Örn Loftsson	KR		173,2	171	

OPINN FLOKKUR – STÚLKUR

ÍSLANDSMEISTARI UNGLINGA Í OPNUM FLOKKI

		Meðaltal eftir 12 leiki	1. leikur	Tvöfaldur úrslitaleikur
Karen Rúnarsdóttir	KEF	141,5	158	178 + 170 = 348
Jóna Kr. Þórisdóttir	KFR	157,6		148 + 133 = 281
Dagný Edda Þórisdóttir	KFR	153,3	155	

MEISTARAKEPPNI UNGMENNA

Keppt var í Meistarakeppni ungmenna í fyrsta sinn 18. október 1997.

Keppt var í þremur aldurshópum, 1. flokkur: 19 – 20 – 21 – 22 ára

2. flokkur: 15 – 16 – 17 – 18 ára

3. flokkur: 11 – 12 – 13 – 14 ára

Leiknar voru 5 umferðir og eru gefin stig eftir því í hvaða sæti keppandi lenti. Leikmaður safnar stigum og eftir allar umferðirnar kemur í ljós hver verður Meistari ungmenna það árið í vissum flokki.

1. fl. pílta (1975–1978)

1. sæti **Már G. Arnarson** KFS
2. sæti Ásgeir S. Halldórsson ÍR
3. sæti Júlíus Finnbogason KFR

2. fl. pílta (1979–1982)

1. sæti **Hjörvar Ingi Haraldsson** KFR
2. sæti Steinþór G. Jóhannsson KEF
3. sæti Þórhallur Hálfðánarson KFR

3. fl. pílta (1983–1986)

1. sæti **Magnús Magnússon** KFR
2. sæti Andri Þór Halldórsson KFR
3. sæti Eiríkur A. Björgvinsson KFS

1. fl. stúlkna (1975–1978)

–

2. fl. stúlkna (1979–1982)

1. sæti **Dagný Edda Þórisdóttir** KFR
2. sæti Jóna Kr. Þórisdóttir KFR
3. sæti Karen Rúnarsdóttir KEF

3. fl. stúlkna (1983–1986)

1. sæti **Erla Lind Gunnarsdóttir** KEF
2. sæti Ingibjörg Eva Þórisdóttir KFR
3. sæti Íris Dröfn Bjarnadóttir KFS

LANDSLIÐIN – ÞÁTTTAKA Í MÓTUM ERLENDIS

Á liðnu ári var tekið þátt í 4 landskeppnum. Í maí var farið á Evrópubikarmót liða í Helsinki. Í september fóru Íslandsmeistararnir á Evrópubikarmót einstaklinga í London. Í febrúar var Norðurlandamót í Svíþjóð og Norðurlandamót unglunga var í Þorsgrunn í Noregi í mars. Auk þessa tók Jón Helgi Bragason þátt í Heimsbikarmóti einstaklinga í Belfast. Nokkuð var um þátttöku keilara í öðrum mótum og fóru hópar á Jersey Open, Malta Open og Scottish Open.

EVROPUBIKARMÓT LANDSLIÐA

Til stóð að Evrópubikarmót landsliða yrði haldið í Ísrael og átti það að hefjast 30. maí, daginn eftir kosningar. Eftir töluverðan óróa vegna ástandsins í Ísrael var ákveðið að mótið yrði haldið í Finnlandi 27. maí – 2. júní.

Íslensku liðin áttu marga ágæta leiki og voru sumir sigrar sætari en aðrir t.d. þegar karlaliðið sigraði Finnland og kvennaliðið sigraði Dani. En eins og áður þá er við sterka að eiga og endaði kvennaliðið í 15. sæti og karlaliðið í 17. sæti en það kom vel fram í þessu móti hvað hin Norðurlöndin eru sterk. Hér á eftir er röð okkar liða en heildarskor okkar leikmanna er á fylgiskjali.

Kvennaflokkur:

		Meðaltal liðs	Meðaltal leikmanna	Stig
1.	Finnland	984,3	196,9	30
2.	Noregur	976,8	195,4	26
3.	Svíþjóð	986,1	197,2	22
5.	Danmörk	965,0	193,0	22
15.	Ísland	889,4	177,9	12

Karlaflokkur

		Meðaltal liðs	Meðaltal leikmanna	Stig
1.	Svíþjóð	1055,4	211,1	34
2.	Finnland	1050,0	210,0	34
3.	Frakkland	1006,1	201,2	32
4.	Danmörk	1004,7	201,2	32
8.	Noregur	1009,6	201,9	26
17.	Ísland	960,6	192,1	14

Efst af íslensku konunum var Guðný Helga Hauksdóttir sem var með 189,5 að meðaltali sem er 19 pinnum umfram skráð meðaltal Keilusambandsins. Jón Helgi Bragason var efstur í karlaliðinu með 194,7 í meðaltal.

Tveir nýliðar skiluðu vel sínum hlut, Stefán Ingi lék á 194,3 sem er 11 pinnum yfir meðaltali og Sigríður Klemensdóttir lék á 16 pinnum yfir sínu meðaltali.

Hæstu leiki áttu Guðný Helga Hauksdóttir og Stefán Ingi Óskarsson, bæði léku þau 257 leiki og Jón Helgi átti 256 leik.

EVROPUBIKARMÓT EINSTAKLINGA

Evrópubikarmót einstaklinga sem er keppni landsmeistara Evrópuþjóða fór fram í London í september 1996. Fyrir Íslands hönd kepptu þau Ágústa Þorsteinsdóttir og Gunnar H. Loftsson en þau voru Íslandsmeistarar einstaklinga 1996. Ágústa endaði í 22. sæti af 24 með 175,8 í meðaltal, en meðaltal hennar hjá KLÍ er 176,0 svo að hún lék á sínu meðaltali. Gunnar endaði í 24. sæti af 27 með 182,3 í meðaltal en meðaltal hans hjá KLÍ er 185,0. Í mótinu voru 10 karlar með yfir 200 í meðaltal og einnig 4 konur.

NORÐURLANDAMÓT UNGLINGA

Norðurlandamót unglunga í keilu fór fram í Porsgrunn í Noregi 6. – 9. mars 1997. Sendir voru sex piltar og sex stúlkur til keppni. Þjálfarar með hópnum voru þær Theódóra Ólafsdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir. Það var fyrirfram vitað að við sterk lið var að etja og ekki gert ráð fyrir miklum sigrum. Næsta Norðurlandamót unglunga verður haldið á Íslandi árið 1999 og því mikilvægt að byggja upp keppendur fyrir það mót. Röð okkar keppenda varð eftirfarandi:

25. sæti	Dagný Edda Þórisdóttir	KFR	152,1	20.	Sigurður Borgar Bjarnason	KEF	182,0
26.	Alda Harðardóttir	KFR	151,0	22.	Steinþór G. Jóhannsson	KEF	179,8
27.	Vilhelmína Arnardóttir	KFS	145,2	25.	Hjörvar Ingi Haraldsson	KFR	173,6
28.	Birgitta Borg Bjarnadóttir	KEF	139,5	27.	Gunnar Berg Gunnarsson	KFR	172,5
29.	Matthildur Gunnarsdóttir	KFR	139,4	29.	Jón Þór Pétursson	KFR	171,2
30.	Jóna Kr. Þórisdóttir	KFR	136,1	30.	Ólafur St. Kristjánsson	KFR	170,4

NORÐURLANDAMÓT

Norðurlandamótið í keilu fór fram í Eskilstuna í Svíþjóð 6. – 9. febrúar 1997.

Heiðrún Bára Þorbjörnsdóttir setti Íslandsmet í þrem leikjum, 671 stig (223,7 að meðaltali.) Íslenska karlaliðið lék á 200 pinna meðaltali í 5-manna liðakeppninni og kvennaliðið lék á 181,3 að meðaltali. Þetta er vel spilað hjá okkar fólki en þrátt fyrir það dugar það skammt á móti þjóðum sem raða sér í efstu sætin í Evrópu- og heimsmeistaramótum og verðum við að sætta okkur við neðstu sætin. Röð okkar keppenda varð eftirfarandi:

Kvennalandsliðið:

20. sæti	Elín Óskarsdóttir	KFR	189,1
25.	Heiðrún Þorbjörnsdóttir	KFR	181,9
27.	Sólveig Guðmundsdóttir	KFR	173,2
28.	Guðný Helga Hauksdóttir	KFR	172,6
29.	Theódóra Sif Pétursdóttir	ÍR	169,6
30.	Ragnheiður Þorgilsdóttir	KFR	169,4

Þjálfari kvenna var Ágústa Þorsteinsdóttir

Karlalandsliðið:

19.	Ingi Geir Sveinsson	ÍR	201,4
22.	Ásgeir Þór Þórðarson	ÍR	195,6
23.	Freyr Bragason	KFR	195,3
26.	Ásgrímur Helgi Einarsson	KFR	191,2
27.	Jón Helgi Bragason	KFR	187,1
29.	Davíð Löve	KR	184,9

Þjálfari karla var Sigurður Lárusson

Fararstjóri var Theódóra Ólafsdóttir

ERLEND SAMSKIPTI

SAMRÁÐSFUNDUR KEILUSAMBANDA NORÐURLANDANNA

Árlegur samráðsfundur keilusambanda Norðurlandanna var haldin í Reykjavík 21. og 22. febrúar. Þar var fjallað um starfsemi keilusambandanna og hvað væri helst á döfinni. Fjallað var um sérstaklega um Norðurlandamótin og breytingar á þeim, t.d. verður liðakeppninni breytt og hún spiluð með Bakerformati. Einnig voru uppi umræður um unglíngamótið og hugmyndir eru um að samræma það fullorðinsmótinu. Þetta verður að mestu leyti á okkar höndum þar sem næsta mót verður hér á landi. Nokkrar umræður urðu um Evrópu- og alþjóðasamstarfið en stefnt er að því að koma inn mönnum í stjórnir samtakanna.

NORRÆNAR UNGLINGABÚÐIR

Norrænu unglíngabúðirnar voru haldnar í Rovaniemi í Finnlandi að þessu sinni. Níu unglíngar fóru á vegum Keilusambandsins til Finnlands.

Dagný Edda Þórisdóttir	KFR	Ásgeir Örn Loftsson	KR
Jóna Kr. Þórisdóttir	KFR	Björgvin Harðarson	KFR
Matthildur Gunnarsdóttir	KFR	Guðjón Júlíusson	KFR
Súsanna Kr. Knútsdóttir	KFR	Gunnar Einar Annelsson	LFS
		Þórhallur Hálfðánarson	KFR

Fararstjórar voru Theódóra Ólafsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir og Hafsteinn Sigurvínsson. Slíkar sumarþúðir verða haldnar í Danmörku í sumar. Ákveðið hefur verið að sleppa að þessu sinni að senda unglínga í sumarþúðirnar.

ÚTGÁFU- OG FRÆÐSLUMÁL

Óvenju mikil vinna var að þessu sinni við að koma út mótabók KLÍ en það verk var í höndum Erlu Ívarsdóttur, Sesselju Unnar Vilhjámsdóttur og Sigríðar Klemensdóttur. Lið sem höfðu skráð sig, hættu við á síðustu stundu.

HEIMASÍÐA KLÍ

Keilusambandið opnaði heimasíðu á Veraldavefnum síðastliðið haust. Þórhallur Hálfðánarson hefur haft veg og vanda af þessari síðu og hefur hún tekist mjög vel og er okkur til mikils sóma. Heimasíðuna er að finna á slóðinni www.toto.is/keila. Á heimasíðunni, sem einnig er tengd heimasíðu ÍSÍ, er að finna úrslit í mótum og annan fróðleik um sambandið. Deildarúrslit hafa verið uppfærð reglulega inn á heimasíðuna þegar þau liggja fyrir. Stefnt er að því að allsherjarmedaltalið verði einnig birt á heimasíðunni.

KEILA Á LENGJUNNI

Keilan komst á Lengjuna í vetur og gekk mjög vel. Það var því mjög óheppilegt þegar leikmenn mættu ekki til leiks sem búið var að setja á Lengjuna. Atvik þetta heyrir til algjörar undantekningar í keilunni og kemur vonandi ekki fyrir aftur. Frestanir hafa einnig neikvæð áhrif á stöðu okkar gagnvart Lengjunni og verða að vera í algjöru lágmarki.

MÓTASKRÁNING

Skráningu skors hefur að mestu farið fram á skrifstofu KLÍ í vetur. Nokkuð hefur þó verið um að einstaklingsmót, t.d. Íslandsmót einstaklinga hefur verið skráð inn Keilu í Mjódd. Þetta hefur m.a. leitt af sér að ekki hefur enn verið gengið frá meðaltalsgjöldum af öllum mótum.

SKRIFSTOFAN – STARFSMAÐUR

Keilusambandið hefur nú starfsmann, Heiðrúnu Haraldsdóttur, á skrifstofu sinni í hlutastarfi. Starfsmaður skráir skor úr deildum og færir bókhaldið. Starfsmaður kemur aldrei í staðinn fyrir þá miklu sjálfbóðaliðsvinnu sem margir félagsmenn hafa unnið af hendi og er reyndar grundvöllurinn undir starfsemi Keilusambandsins.